



Borgarráð

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almanniheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar

ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaeill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast.

Á neyðarstigi er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu borgarinnar til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi. Borgarstjóri fer ásamt borgarráði með framkvæmdastjórn borgarinnar. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki borgarinnar bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn borgarinnar virkjuð. Að öðru leyti helst stjórnskipulag borgarinnar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgangi þeirra þoli enga bið. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við borgarstjóra.

Neyðarstjórn skipa:

Dagur. B. Eggertsson borgarstjóri, formaður.

Stefán Eiríksson borgarritari.

Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfumhverfissviðs.

Óskar J. Sandholt sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Bjarni Brynjólfsson upplýsingastjóri.

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Varamenn:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs.

Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar.

Óli Jón Hertervig fulltrúi eigna.

Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara.

Ebba Schram borgarlögmaður.

Ómar Einarsson sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs.

Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri.

Starfsmaður:

Dagný Ingadóttir deildarstjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil:

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfi á tímabilinu 2020-2022.

Reykjavík, 4. janúar 2020

Dagur B. Eggertsson